

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1152*  
*komudagur 21.12.2012*

**From:** Ragnar Guðmundsson [<mailto:ragnar@advel.is>]  
**Sent:** 21. desember 2012 11:48  
**To:** Eiríkur Áki Eggertsson  
**Cc:** Helgi Hjörvar  
**Subject:** Breytingatillaga - athugasemdir.

Sæll Eiríkur Áki.

Ég sendi þennan tölvupóst í framhaldi af samtali fyrr í dag vegna breytingartillögu sem kemur fram í 3.tölul. breytingartillögu efnahags- og viðskiptanefndar, breytingar á 8.tölul. 1.mgr. 3.gr. laganna, við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þingskjal 819, mál 468. Í framhaldi af fyrri tölvupósti mínum í dag og yfirferð yfir stöðu málsins nú þennan morgun, er það ljóst að ekki er unnt að taka saman og vinna tillögu að úrbótum á svo stuttum tíma, sem nú er til stefnu. Hagsmunir í þessu máli eru gríðarlegir fyrir hin ýmsu fyrirtæki á Íslandi þ.m.t Landsvirkjun, Orkuveituna og fjármálafyrirtæki. Það er því mat okkar að ekki sé forsvaranlegt að leggja til þær breytingar sem þörf kann að vera á, hér að morgni þessa dags.

Fari tillagan ekki óbreytt í gegn mun það enn framlengja þann tíma sem innlendir aðilar hafa ekki aðgang að erlendum lánsfjármörkuðum. Það hefur komið fram m.a. hjá AGS og Seðlabankanum að ein helsta forsenda þess að hægt verði að afnema hér gjaldeyrishöft er að innlendir aðilar geti aftur farið að fjármagna sig erlendis. Ljóst er að með framangreindu ákvæði þá munu erlendu uppgjörsfyrirtækin Euroclear og Clearstream ekki samþykkja uppgjör á íslenskum skuldabréfum, og því aðgangur að erlendum lánsfjármörkuðum áfram lokaður.

Við áréttum af þeim sökum nauðsyn þess að halda sig við frumvarpið eins og það upprunalega kom fram, í ljós þess að tæplega gefst tími til að útfæra ákvæðið með eðlilegum hætti með hliðsjón af þeim hagsmunum sem um ræðir.

Með kveðju / Best regards,

**Ragnar Guðmundsson, hdl.**  
Attorney at law - Partner

